

4. NORRÆNA VATNAFRÆÐIMÓTID

Undirbúningsnefndin

í

Stokkhólmi

19.-21. febr. '64

Febr. 22. '64

S. Rist

NORRÆNA VATNAFRÆDIMÓTIÐ

Undirbúningsnefndin Stokkhólmi
19.-21. febr. '64

SMHI 19. febr. '64 Kl. 10 Fredhemsplan

Fundinum stjórnaði överdirektör Alf Nyberg, aðrir
fundarmenn:

G. Nybrant byráðchef, SMHI
A. Sirén, Finnlandi
J. Otnes, Noregi
Lundager Jensen, Danmörku
S. Rist, Íslandi

Í setningarræðu sinni taldi Nyberg rétt að ræða um ýms
atriði án þess að taka nokkrar ákvarðanir. Hann lét í ljós
mikla ánægju með bréf J.G. 18.12. '63 og vakti jafnframt
athygli á því að þetta myndi kosta Ísland mikla peninga og
beindi þeirri spurningu til fundarmanna (annarra en mín),
hvort þátttökugjald væri ekki sjálfsagt vegna ekskúrjonarinnar,
allir tóku undir það þótt engin tala væri nefnd.

Ég gaf síðan stutta skýringu á tillögum okkar um væntanlegan
gang mótsins dag fyrir dag. Fundarmenn létu í ljós ánægju
með fyrirkomulagið. Þegar farið hafði verið yfir tillögurnar
til enda spurði Nyberg, hvort þátttakendum gæfist ekki
kostur á að sjá Þingvöll. Ég útskýrði þá nánar móttöku boð
Sogsvirkjunar, en Ingólfur Ágústsson verkfr. sagði mér
fyrir nokkrum dögum að í ráði væri að bjóða gestum til
Valhallar. Að fengnum þessum upplýsingum sagði Nyberg, að
fyrir öllu væri séð.

Rætt var fram og aftur um ýms atriði.

Þátttakendur verða eitthvað nálægt þessu:

Noregur	12	(menn og konur)
Finnland	10	"
Svíþjóð	13	"
Danmörk	7	"
	<hr/>	
	42	(30 menn og 12 konur)

Í næsta mánuði (marz) kemur listi frá hverju landi yfir þátttakendurna. Nafn, titill, stofnun. Einhverjar breytingar eða viðbót síðar. Auðsætt þótti að þröngt yrði á programminu mörg erindi bærust að. Ekki vildu samstarfsmenn mínir í nefnd heyra á það minnst að fella niður nokkuð af íslenzku efnunum, en töldu á að diskusjonir þyrftu ekki né ættu ekki að vera langar, nema þá helzt um heita vatnið.

Gert var ráð fyrir að efni utan Íslands fengju þessa tíma:

10. ág. Mánudag	1 1/2 klst.	(eftir kaffihlé e.h.)
11. ág. Þriðjudag	3	- (9 - 12)
12. - Miðvikud.	5	- (9 - 15)
14. - Föstudag	5 1/2	- (10-17)
15. - Laugard.	<u>2</u>	- (9- 11)

17

Síðar um daginn 19. febr. var gert hlé á fundarstörfum og farið út fyrir Stockholm að skoða mælingastöð við Tyresvatten. Vatnsvið 4 km², Thomsons yfirfall yfirbyggt og hitað upp með 400 W rauðum geislum, siriti A. OTT Pegel X.

Um kvöldið (kl. 7) var boðið til middags á La Ronde í Gamla staden.

Hinn 20. febrúar kl. 9³⁰ var ekið til Ulvsunda, en þar er laboratory-deild Nybrants. Þar var margt að sjá, ekki ástæða að rækja það hér. Fundarstörfum var síðan haldið áfram á skrifstofu Nybrants. Ég rek hér efnið í sömu röð og það er á blaðinu "Punktur fyrir Stokkhólmsfund S. Rist"

1.1 Dagskrá

Samstarfsmenn mínir í programnefndinni vildu leggja bréfið frá 18. des. sl. til grundvallar við niðurröðun efnis, þannig:

1. Islands hydrologi (sem við hér heima flokkum svo eins og þurfa þykir)
2. Måling af istransport i elver
3. Nye observasjon- och räkningss metoder
4. Mekaniseret processering af hydrologiske data
5. Statistiske metoder i hydrologien
6. Formidling af hydrologiske data til offentligheden og specialister
7. Snösmältning och snöavrinning
8. Isbärighet.

Löndin eru ekki tilbúin nú að segja hvaða mál þau hafa til að leggja fram. Noregur og Svíþjóð hafa ákveðið að leggja fram erindi undir lið 4, 6 og 3 og einnig erindi undir öðrum liðum, við fáum að heyra um það nánar (í marz, apríl). Finsk efni falla að nokkru undir þessa liði, en dönsk aðallega utan þeirra. Hver þjóð reiknar með ca. ~~1~~ 1/4 klst. Daninn sagðist geta lánað af sínum tíma t.d. til Svía.

Sérhver fyrirlesari gerir grein fyrir erindi sínu í stuttu máli (5-10 mín), erindið áður sent þátttakendum. Síðar hefst diskusjon. Öll meiri háttar innlegg í diskusjón óskast fjölrituð og afhent riturum áður en það kemur til umræðu.

Sá, sem stjórnar þáttökunefndum hvers lands gjörir sínum mönnum aðvart um að eyða ekki tímanum að óþörfu, þ.e.a.s. fyrirliðinn ætlar að hjálpa fundarstjóra að haldið sé við dagskrána.

Þá mun einn úr hverju landi hafa það hlutverk að vera fundarriturum til aðstoðar og bera sig saman við þá, t.d. að afloknum hverjum dagsfundum. Þeir, sem hafa fengið reynslu af að koma saman "protokoll", aðvara um, að ekki sé treystandi á segulband eingöngu, gott að hafa það. Þeir bentu á, að vélritunardama kemst ekkert áfram með bandið, þegar smáfyrirspurn, myndsyning og útskýringar upp við töflu skiptast á.

1.2 Ferðin til Íslands

Sameiginleg flugferð vart möguleg. Einhverjir vilja dvelja hér nokkra daga, áður en mótið hefst, en aðrir hafa hug á að taka sumarfrí hér að mótinu loknu. Óskað er eftir upplýsingum um skipaferðir. T.d. siglir Hekla á Bergen í sumar? Er Gullfoss upptekinn? O.s.frv. Er möguleiki á afslætti fluggjalda, ef pantað er fyrir alla (50 manns) í einu lagi, þótt farið sé á ýmsum datoum?

1.3 Hótel

Meðal Norðmanna og Dana eru nokkrir, sem óska eftir óáfrum hótélum, nefndu Borg og Garð. Lofaði að athuga þetta.

1.4 Stundaskrá

Samín skv. ísl. háttum og venjum.

1.5 Þátttökugjald

Í upphafi fundar minntist Nyberg á, að vart kæmi annað til greina en að hafa þátttökugjald. Síðar var málið rætt. Nybrant og Otnes ræddu um erkursjonina, sem enginn vildi vera án. Lundager sagði eitthvað á þá leið, að til ferðarinnar þyrfti 2 rútubíla og svo bætist þar á ofan ýmis konar kostnaður. Tæpt var á Skr. 100-125. Ákveðið var að hafa þátttökugjald. Nyberg sagði við skyldum ákveða það og gæta þess að hafa það nægilegt fyrir kostnaði erkursjonarinnar, en þó sem þátttökugjald.

1.6 Útgáfa

Fyrirlestrar skulu gefnir út af viðkomandi landi í a.m.k. 250 eint. Fyrir 15. júní skulu 10 eintök send til hvers hinna Norðurlandanna, að undanskildu Íslandi, sem fær allt, sem eftir er af upplaginu.

Stærðin skal vera A4. Meðallínuskil. Önnur hver síða eða hvað? 4 cm bil inn við kjölin, e.t.v. er það óþarflega mikið? Þetta ætlaði að verða óþægilegt að ákveða í hasti. Og var afgreitt á þann hátt, að ég setti mig í samband við fjölritunarstofuna, sem gengi frá rapportinum og gæfi út reglur um þetta.

Þá var rætt um merkingu og var aðhyllzt að merkja þannig: 4S1-1, 4S1-2, fyrsta og önnur síða í fyrsta erindi, sem Svíar leggja fram varðandi punkt 4, þ.e.a.s. Mek. Prossering. Önnur sænsk grein um sama efni fengi númerið 4S2-1 o.s.frv. Finnsk grein fengi númerið 4F1-1 o.s.frv. Ekki var ákveðið hvar þessi merking ætti að koma á blaðsíðuna.

Litið var svo á, að programnefndin, sem slík hafi lokið störfum, vegur og vandi ráðstefnunnar hvíldi á Íslandi. Þess var vænst, að þegar ég kæmi heim og hefði gefið tími til að vinna úr þessum atriðum, sem fram komu hjá programkomité, þá fengju hin Norðurlöndin bréf - helzt runnskrið - um þessi atriði og annað, sem við hér teljum máli skipta.

p.t. Stockholmi 22. feb. 64

Sigurjón Krist